




**Efni: Breyting á skipulagsskilmálum frístundasvæðis í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

**Deiliskipulagssvæði**



Gerð er tillaga að breytingu á gr. 3 í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 06.07.2005, með skilmálabreytingum samþykktum 03.04.2008 og 03.10.2012, þar sem í stað ákvæðis um að hús skulu vera úr timbri komi að byggingarefni húsa verði gefið frjálst.

**Gildandi skilmálar**

Húsagerðir og byggingarlag

Í skipulaginu er gefin upp hámarks byggingarreitur sem jafnframt sýnir lágmarks fjarlægð frá lóðarmörkum. Innan byggingarreits stendur hönnuður frjálst að útlínum húss. **Hús skulu vera timburhús en heimilt er að hafa steiptan sökkul.** Mænisstefna er sýnd á uppdrætti og tekur hún mið að legu lands, samsetningu lóða í þyrpingu, útsýnis og sólfars. Þakhalli skal vera á bilinu 0-45° og mesta leyfilega mænishæð frá gólfhæð er 5m. Gólfhæð og hæð trépalla í kring skal ekki liggja meira en 150cm yfir aðliggjandi landi. Í mikið hallandi landi verður því að stalla hús og palla þar sem það á við eða fella þau með öðrum hætti inn í landið. Litur húsa skal vera af toga dökkra jarðlita (brúnn, grænn, svartur, grár) eða millitóna þeirra. Viðaráferð er einnig leyfð.

**Breyttir skilmálar**

Húsagerðir og byggingarlag

Í skipulaginu er gefin upp hámarks byggingarreitur sem jafnframt sýnir lágmarks fjarlægð frá lóðarmörkum. Innan byggingarreits stendur hönnuður frjálst að útlínum húss. **Byggingarefni húsa er frjálst.** Mænisstefna er sýnd á uppdrætti og tekur hún mið að legu lands, samsetningu lóða í þyrpingu, útsýnis og sólfars. Þakhalli skal vera á bilinu 0-45° og mesta leyfilega mænishæð frá gólfhæð er 5m. Gólfhæð og hæð trépalla í kring skal ekki liggja meira en 150cm yfir aðliggjandi landi. Í mikið hallandi landi verður því að stalla hús og palla þar

sem það á við eða fella þau með öðrum hætti inn í landið. Litur húsa skal vera af toga dökkra jarðlita (brúnn, grænn, svartur, grár) eða millitóna þeirra. Viðaráferð er einnig leyfð.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann \_\_\_\_\_

25.03.2019  
Sigurður Hreinsson